Sunnudaginn 10. maí 1942 var aðalfundur Hestamannafélagsins „Glaður“ haldinn að Nesodda

Mættir voru 19 félagsmenn.

Fundarmál:

1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar.
2. Rætt um hrossaræktarstarfsemi félagsins. Eftir langar umræður var svohljóðandi tillaga samþykkt: „Fundurinn felur stjórninni framkvæmdir með kynbótahest fyrir félagið framvegis“.
3. Lesinn upp reikningur félagsins fyrir árið 1941 Var hann samþykktur í einu hljóði.
4. Fjórir menn sóttu um inntöku í félagið þeir: Gunnar Jósepsson Krossi Kristján Jósepsson Oddsstöðum Baldvin Þórarinsson Svarfhóli og Finnbogi Finnsson Sauðafelli.

var samþykkt í einu hljóði að taka
þá í félagið.
5. Samþykkt svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn ákveður að leggja
150 krónur árlega í sýningar-
sjóð í tilefni af samkeppnis-
sýningu á Þingvöllum 1950."
6. Kosin ~~n~~ stjórn félagsins:
Jón Sumarliðason formaður með 21 atkv.
Gísli Þorsteinsson gjaldkeri – 17 atkv.
Flosi Jónsson ritari með 16 atkv.
til vara:
Ólafur Br. Gunnlaugsson formaður
Þorbjörn Ólafsson gjaldkeri
Pálmi Jónasson ritari
7. Samþykkt að halda kappreiðar
sunnudaginn 5. júlí n. k.
8. Kosinn til að sjá um merkjasölu
Sumarliði Jónsson og honum til
aðstoðar Styrkár í Tungu, Pálmi

í Snóksdal, Magnús á Hrafnabjörgum
og Jens í Ásgarði.
9. Kosnir til að sjá um merkjasölu
að dansinum þeir Flosi á Hörðabóli
og Haraldur á Sauðafelli.
10. Kosnir til að sjá um dansinn
þeir Guðmundur á Hóli, Hans
á Ketilsstöðum, Magnús á Hrafnabjörg-
um og Oddur í Snóksdal.
11. Samþykkt að taka tilboði Bergþórs
í Snóksdal að sjá um veitingar
á kappreiðunum gegn 200 króna
gjaldi og kaffi fyrir 60 manns.
12. Kosnir í dómnefnd:
Björn Vigfússon Hjarðarholti
Guðmundur Jónsson Geirsskógum
og Finnbogi Finnsson Sauðafelli
til vara:
Gísli Þorsteinsson Geirshlíð
og Gestur Jósepsson Hrafnabjörgum.

13. Samþykkt eftirfarandi tillaga:
„Fundurinn heimilar stjórninni að greiða 15,oo krónur til hvers af þeim félögum hestamannafélagsins er mættu á móti hestamannafélaga að Þingvöllum sumarið 1941."
14. Kosinn gresir Guðlaugur Magnússon og til vara Guðm. Guðbrandsson.
15. Kosinn til að geyma hestana Einar Þorsteinsson Bjarmalandi
16. Kosnir til að sjá um viðgerð á skeiðvellinum Guðlaugur Magnússon Oddur Eysteinsson og Pétur Sveinsson.
17. Verðlaun á kappreiðunum skulu vera þau sömu og síðastliðið sumar, nema metverðlaun á stökki er sén 50 krónur.
18. Kosnir endurskoðendur þeir sömu og síðastliðið ár. Uppleið. Samþykkt.

Fundi slitið.
Flosi Jónsson.
(ritari)